

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Tungusilungur ehf. Tálknafirði



<b>Dags eftirlits</b>	9.6.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Freyr Ævarsson
<b>Fyrirtæki</b>	Tungusilungur ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Freyr Ævarsson
<b>Heimili</b>	Strandgata 39	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	330802-3270	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ragnar Þór Marinósson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	65°45'09,2"N 23°22'50,6"V

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirlitinu. Varðandi eldri frávik er unnið skv. samþykktri úrbótaáætlun.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Tungusilungi, Tálknafirði. Ragnar Þór Marinósson var fulltrúi rekstraraðila en Freyr Ævarsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar. Starfsleyfi Tungusilungs var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þann 11.12.2009 og gildi það til 11.12.2021. Samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar var starfsleyfið framlengt og gildir það því til 11.12.2022.

### Dagskrá:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Hreinsun á frárennsli - umræða
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

### 1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Síðasta eftirlit fór fram árið 2020, þá kom fram ábending um að úrbótaáætlun sem þá var unnið eftir hefði ekki staðist m.t.t. tímafresta. Umhverfisstofnun óskaði þá eftir uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur og að áætlunin bærist stofnuninni eigi síðar en 18.9.2020. Framkvæmda- og úrbótaáætlun barst í september 2020 og var hún samþykkt með bréfi dags. 21.10.2020.

### 2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

### 3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

### 4. Hreinsun á frárennsli – umræða

Rekstraraðili óskaði eftir umræðu um hreinsun á frárennsli frá kerjum.

Í ljósi þess að nýtt starfsleyfi er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun er ákveðið að fylgja ekki eftir fráviki varðandi aukna hreinsun á frárennsli fyrr en kröfur í nýju starfsleyfi liggja fyrir.

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

### 6. Skoðunarferð

Farin var skoðunarferð um húsnæði og lóð Tungusilungs. Skoðað var brak eftir skemmdir sem urðu í vetur. Hreinsun er í gangi og gengur skv. áætlun.

Ekkert athugasvert sást, annað en það sem áður hefur komið fram í skýrslunni.

## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.


## ANNAÐ

Frá síðasta eftirliti hefur Tungusilungur sótt um nýtt starfsleyfi og er vinna við það í gangi innan Umhverfisstofnunar. Rekstraraðila var bent á að framlenging núgildandi starfsleyfis rennur út þann 11.12.2022 og að það sé á hans ábyrgð að gilt starfsleyfi sé til staðar.

Reykjavík, 25.07.2022

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Freyr Ávarsson